

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 1. nóvember 1985 til 15. maí 1986 að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. október 1985.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

I. KAFLI

Starfsleyfisskyldur atvinnurekstur.

1. gr.

- 1.1. Eftirtalinn atvinnurekstur má ekki hefja fyrr en fengið er starfsleyfi skv. reglugerð þessari:
1. Fiskimjölsværksmiðjur
 2. Álframleiðsla
 3. Framleiðsla á tilbúnum áburði
 4. Sements- og kalkframleiðsla
 5. Kísiljárnframleiðsla (SiFe)
 6. Kísilmálmframleiðsla (Si)
 7. Kísilframleiðsla (SiO₂)
 8. Cellulosa- og pappírsframleiðsla
 9. Járn- og stálframleiðsla
 10. Yfirborðsmeðhöndlun á járn, stáli eða öðrum málmum, t.d. zinkhúðun
 11. Glerullar- og steinullarframleiðsla
 12. Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi
 13. Sútunarværksmiðjur